

## Hlutverk aðstoðarfólks í námi þátttakenda hjá Fjölmennt:

Eftirfarandi eru leiðbeiningar til aðstoðarfólks um vinnubrögð sem geta hentað þátttakendum á námskeiðum. Athugið að ekki er víst að allt eigi við í öllum tilfellum.

Mikilvægt er að vinnubrögð aðstoðarfólks séu ákveðin með samþykki þátttakanda.

### - í biðrými:

- Að aðstoða þátttakanda á meðan beðið er eftir að kennslustundin hefjist, t.d. með því að skoða og lesa komuspjald eða ræða um það sem stendur til.
- Að aðstoða þátttakanda við að vera öruggur í aðstæðunum.
- Að hjálpa til við að skapa samræður í biðrýminu og aðstoða þátttakanda við að taka þátt í samræðunum.

### - í kennslustundum:

Að aðstoða þátttakanda við að taka virkan þátt í kennslustundinni, t.d. með því að:

- túlka tjáningu og/eða viðbrögð þátttakanda og aðstoða hann við að tjá vilja sinn og skoðun og taka þátt í umræðum.
- aðstoða þátttakanda við að skilja það sem fram fer.
- aðstoða þátttakanda við að vera öruggur í námsaðstæðunum.
- vinna saman með kennara að því að finna leiðir fyrir nám þátttakanda. Gefa leiðbeiningar og taka við leiðbeiningum frá kennara.
- aðstoða þátttakanda við að segja frá reynslu, upplifun eða upplýsingum sem tengjast viðfangsefni tímans.
- taka þátt í umræðum á forsendum þátttakanda þar sem þátttakandi er ávallt með í samtalinu.

- taka virkan þátt með þátttakanda í því sem fram fer í tímanum en gæta þess að trufla ekki vinnu þátttakanda að óþörfu
- taka myndir af því sem fram fer í tímanum, með samþykki kennara og þátttakenda.
- aðstoða þátttakanda við að rifja upp það sem gert var í lok kennslustundar.
- skrifa dagbókarfærslu í lok tímans í samstarfi við þátttakanda og kennara.
- aðstoða þátttakanda við að ganga frá námsgögnum sínum í lok tímans.
- vera *virkur* áhorfandi, fylgjast með því sem gerist í kennslustundinni og grípa inn í ef þátttakanda líður illa og gefa praktískar leiðbeiningar.
- vera til taks fyrir utan kennslustofuna ef þörf verður fyrir aðstoð, þegar þátttakandi vill fá að vera einn í kennslustundinni.

### **- þegar heim er komið:**

Að aðstoða þátttakanda við að nýta sér námið í daglegu lífi, t.d. með því að:

- aðstoða þátttakanda við að rifja upp, eiga innihaldsríkar samræður um námið og segja öðrum frá viðfangsefni tímans í máli og/eða myndum.
- aðstoða þátttakanda við að miðla efni námskeiðsins til annars starfsfólks og koma mikilvægum upplýsingum til skila.
- aðstoða þátttakanda við að vinna heimaverkefni, þegar við á, í samstarfi við annað aðstoðarfólk.
- aðstoða þátttakanda við að taka frumkvæði að því að nýta sér námið í daglegu lífi, í samstarfi við annað aðstoðarfólk.
- taka virkan þátt í samstarfi aðstoðarfólks um nám þátttakanda.